

d. tekjur af útgáfustarfsemi,

e. aðrar tekjur, t.d. gjafir og framlög úr ríkissjóði eftir því sem kveðið kann að vera á um í fjárlögum.

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans. Fjárhags-áætlun skal kynnt og lögð fram til samþykktar á deildarfundum.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

Um stjórnunar- og aðstöðugjald af sértekjum fer eftir ákvæðum 72. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

12. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 105/1993 um Verkfræðistofnun Háskóla Íslands, sbr. 1. mgr. 130. gr. reglna nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

um endurmenntun á vegum deilda Háskóla Íslands.

1. gr.

Almennt um endurmenntun á vegum deilda.

Reglur þessar gilda um menntun og fræðslu sem veitt er samhliða hefðbundnu námsframboði af deildum Háskóla Íslands, með þeim hætti sem greinir í 2.-5. gr.

Háskóladeildir bera ábyrgð á faglegum atriðum varðandi endurmenntun á þeirra vegum, þar á meðal vali á kennurum, skipulagi námsins, ákvörðun námsefnis o.fl.

Reglurnar gilda hvorki um fræðslu fyrir almenning skv. 15. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands, né um námskeið og annað nám sem fram fer á vegum Endurmenntunarstofnunar Háskóla Íslands, skv. reglum þar að lútandi.

2. gr.

Símenntun sem ekki er sérstaklega skipulögð af deild.

Háskóladeild getur heimilað þeim er uppfylla inntökuskilyrði 46. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands að sækja námskeið, sem boðin eru sem hluti af reglulegu námi á vegum deildar, enda greiði viðkomandi skrásetningargjald skv. 3. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands.

3. gr.

Skipulögð námskeið fyrir þá sem lokið hafa háskólanámi.

Háskóladeild getur boðið upp á tiltekin námskeið, sem sérstaklega eru skipulögð til að sinna þörf fyrir viðbótarmenntun meðal þeirra sem lokið hafa háskólanámi.

4. gr.

Skipulögð námskeið fyrir alla þá sem áhuga hafa.

Ennfremur getur háskóladeild ákveðið að bjóða upp á námskeið eða námskeiðshluta, sem skipulögð eru til þess að svara almennum áhuga á viðfangsefnum á fræðasviði deildar.

5. gr.

Heimild til þess að sameina kennslu.

Háskóladeild er heimilt að ákveða, á grundvelli samþykktar sem staðfest hefur verið af háskólaráði, að kennsla í námskeiði skv. 4. gr., sé í heild eða að hluta sameiginleg með námskeiði sem er hluti af reglulegu námi á vegum deildar, sbr. 2. gr. eða kennt sérstaklega, sbr. 3. gr. Kemur slíkt fyrirkomulag einkum til álita þegar námskeið er kennt fyrsta sinni og ekki er ljóst hver áhugi er fyrir efni námskeiðsins.

6. gr.

Samþykkir deilda.

Áður en deild tekur ákvarðanir skv. 2.-5. gr. skal liggja fyrir samþykkt deildarfundar um eftirfarandi atriði:

- a) Hvaða sérstök skilyrði eru sett fyrir þátttöku í náminu, m.a. um hert inntökuskilyrði í námskeið skv. 2. gr.
- b) Hvort og þá með hvaða hætti námskeið skv. 3. gr. skuli metið til eininga og sé hluti af námi til háskólaprófs.
- c) Hver er viðmiðunar fjöldi þátttakenda í námskeiði, ef við á.
- d) Hvort kennsla á námskeiði fari fram sameiginlega með reglulegu námi á vegum deildar.
- e) Hvernig gjaldtöku vegna námsins skuli háttað, sbr. 9. gr.

7. gr.

Ákvarðanir deilda.

Viðkomandi deild tekur allar ákvarðanir um framboð endurmenntunarnámskeiða, í samræmi við samþykkir sem gerðar hafa verið þar um og að höfðu samráði við Endurmenntunarstofnun Háskóla Íslands.

Þá tekur viðkomandi deild allar ákvarðanir um heimild til setu í námskeiðum skv. 2. - 5. gr.

Deildir halda í samvinnu við Endurmenntunarstofnun skrár um námskeið sem boðið er upp á og hverjir sækja þau.

8. gr.

Framkvæmd.

Háskóladeild gefur út skilríki til staðfestingar á þátttöku í endurmenntun á vegum deildarinnar skv. reglum þessum.

Háskóladeild er heimilt að semja við þriðja aðila um tiltekin framkvæmdaatriði varðandi námskeiðshald skv. 3. og 4. gr., svo sem skráningu nemenda, fjárreiður, reikningshald, húsnæði, kynningu o.fl.

9. gr.

Kostnaður, gjaldtaka o.fl.

Deild ber sjálf, innan ramma fjárheimilda, kostnað vegna námskeiða skv. 3. gr., enda skal skráðum nemendum sem stunda nám í fræðigreini innan deildarinnar heimilt að sækja námskeiðið og eftir atvikum fá það metið sem hluta af háskólaprófi á viðkomandi fræða-

sviði. Þó er heimilt að innheimta gjöld af þeim námskeiðum skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

Kostnaður vegna námskeiðs skv. 4. gr. greiðist af þeim sem taka þátt í því. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi sem myndar sjálfstæða heild.

Þess skal sérstaklega gætt að innheimta þátttökugjalda sé í samræmi við 70. gr. sameiginlegra reglna fyrir Háskóla Íslands.

Ef deild nýtir sér heimild 5. gr. til sameiginlegrar kennslu, þarf í samþykkt að taka afstöðu til skiptingar kostnaðar milli deildar og þeirra sem námið sækja.

Endurmenntunarnám skv. 4. gr. gefur deild ekki þreyttar einingar skv. reglum þar um. Hið sama á við um námskeið skv. 3. gr. sem eru liður í skipulögðu endurmenntunarnámi.

10. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 1. mgr. 18. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. einnig 14. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 25. október 2001.

Páll Skúlason.

Þórður Kristinsson.

REGLUR

læknadeildar Háskóla Íslands um valnefndir.

1. gr.

Hlutverk og umboð valnefndar.

Hlutverk valnefndar í læknadeild Háskóla Íslands, er að gera tillögu til háskólarektors um veitingu starfa sem auglýst hafa verið við deildina og þar sem krafist er hæfnisdóms. Það er skilyrði fyrir því að valnefnd fjalli um umsækjendur um starf, að þess hafi verið getið í auglýsingu um starfið.

Valnefnd starfar í umboði deildarfundar og deildarráðs.

2. gr.

Skipun og hæfi valnefndarmanna.

Í valnefnd vegna auglýstra starfa prófessora og forstöðumanna háskólastofnana sitja sjö menn, sbr. 3. gr. Í valnefnd vegna auglýstra starfa dósentna, lektora, sérfræðinga, fræðimanna og vísindamanna sitja fimm menn sbr. 4. gr. Í valnefnd má skipa þá eina sem lokið hafa meistaraprófi eða hliðstæðu prófi úr háskóla. Um sérstakt hæfi valnefndarmanna fer eftir II. kafla stjórnslulaga nr. 37/1993.

Deildarráð gengur frá skipun valnefndar til meðferðar hvers einstaks máls, staðfestir hverjir eru fastafulltrúar og skipar fulltrúa „ad hoc“. Sömu menn fara með hvert mál við alla meðferð þess fyrir nefndinni.